

Viðmið um símanotkun í Norðlingaskóla

Í viðmiðum skólans um jákvæða hegðun og samskipti kemur m.a. fram að nemendur eigi ekki að misnota samskiptatækni/tæki s.s. síma.

Nemendum í 1-7. bekk er óheimilt að nota síma og símaúr í skólanum og eru símar og símaúr geymd í skólatöskum nemenda ef þeir hafa þessi tæki meðferðis í skólann.

Viðmið um símanotkun í 8.–10. bekk eru eftirfarandi:

- Nemendum er frjálst að mæta með eigin síma í skólann.
- Síma á að geyma í skólatöskum nemenda eða hjá kennara/starfsmanni í kennslustundum.
- Síma má nota sem námstæki í kennslustundum ef kennari/starfsmaður gefur leyfi.

Nemendur eiga að fylgja þeim viðmiðum sem skólinn setur um notkun síma og gæta þess að tækið trufla ekki nemendur við að stunda nám sitt. Geti nemandi ekki farið eftir þeim viðmiðum sem gilda um símanotkun á skólatíma verður eftirfarandi aðgerðum fylgt eftir.

1. stig

Ef starfsmaður þarf að tala við nemanda oftár en einu sinni í kennslustund um óleyfilega símanotkun er haft samband heim og forráðamenn beðnir um að ræða við börn sín um símanotkun á skólatíma. Ef þetta gerist mörgum sinnum (í sömu kennslustund/fleiri kennslustundum) er farið yfir á stig 2.

Ef nemandi neitar að setja símann í töskuna eða afhenda hann kennara/starfsmanni er honum vísað til stjórnanda og haft er samband við foreldra. Nemandi og forráðamenn eru upplýstir um að síminn verður geymdur á skrifstofu skólans til loka skóladagsins og að nemandinn er kominn yfir á stig 2.

2. stig

Mæti nemandi með síma í skólann á hann að skila símanum að morgni til umsjónarkennara eða á skrifstofu skólans og fær hann aftur í lok skóladags. Þetta stig er í eina viku.

Ef vikan gengur vel fær nemandinn aftur að vera með símann í töskunni og nota hann sem námstæki þegar kennari/starfsmaður leyfir. Ef illa gengur fer nemandinn á stig 3.

3. stig

Nemandi ræður ekki við að vera með síma í skólanum. Forráðamenn sjá til þess að nemandi komi ekki með síma í skólann. Umsjónarkennari boðar til fundar þar sem farið er yfir stöðu nemandans.